

## REGLUGERÐ

### um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til flugrekenda.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi fjallar um endurgjaldslausu úthlutun losunarheimilda til flugrekenda sem heyra undir umsjón Íslands í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

*Árangursviðmið:* Viðmið sem skilgreint er sem losunarheimildir á tonnkilómetra. Árangursviðmið skal notað til ákvörðunar á endurgjaldslausri úthlutun losunarheimilda til flugrekenda skv. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál, með síðari breytingum.

*Flugrekandi:* Aðili sem rekur loftfar og notar það til að stunda flugstarfsemi sem tilgreind er í II. viðauka laga nr. 70/2012 um loftslagsmál, með síðari breytingum, eða ef aðilinn er óþekktur eða ekki tilgreindur af eiganda loftfars, eigandi loftfarsins.

*Tonnkilómetrar:* Flugvegalengd margfölduð með þyngd farms. Með flugvegalengd er átt við stórbaugslengd (*e. great circle distance*) milli brottfararflugvallar og komuflugvallar auk 95 km staðlaðrar viðbótar. Með þyngd farms er átt við samanlagða þyngd þess sem flutt er af farni, pósti og farþegum.

#### 3. gr.

##### *Árangursviðmið.*

Árangursviðmið sem nota skal til úthlutunar losunarheimilda án endurgjalds til flugrekenda skv. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 70/2012, með síðari breytingum, fyrir tímabilið frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2020, skal vera 0,000642186914222035 losunarheimildir á tonnkilómetra.

Við útreikning á fjölda losunarheimilda, sem skal úthluta í samræmi við árangursviðmið skv. 1. mgr., skal námunda niður að næstu losunarheimild.

#### 4. gr.

##### *Innleiðing.*

Eftirtaldar EES-gerðir skulu öðlast gildi hér á landi:

1. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/149/ESB frá 7. mars 2011 um fyrri losun frá flugi samkvæmt 4. mgr. 3. gr. c í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/ESB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins, sem vísað er til í tölulið 21apa, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2011, frá 1. júlí 2011. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, frá 6. október 2011, 2011/EES/54/29, bls. 74-75.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins taki til flugstarfsemi, sem vísað er til í tölulið 21al, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2011, frá 1. apríl 2011.
3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/389/ESB frá 30. júní 2011 um samanlagðan fjölda losunarheimilda í Sambandinu sem um getur í a-d lið 3. mgr. 3. gr. e í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins, sem vísað er til í tölulið 21apc, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2011, frá 20. júlí 2011. Ákvörðunin er

birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, frá 6. október 2011, 2011/EES/54/35, bls. 82-84.

4. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/638/ESB frá 26. september 2011 um viðmiðanir vegna úthlutunar heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds til umráðenda loftfara skv. 3. gr. e í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, sem vísað er til í tölulið 21apd, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2011, frá 21. október 2011. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, frá 22. desember 2011, 2011/EES/70/12, bls. 24.
5. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/389/ESB frá 23. júní 2014 um frekari fyrri losun frá flugi og viðbótarlosunarheimildir vegna flugs með tilliti til aðildar Króatíu að Evrópusambandinu, sem vísað er til í tölulið 21apí, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 294/2014, frá 12. desember 2014. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55, frá 17. september 2015, 2015/EES/55/08, bls. 31-33.

5. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. mgr. 18. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott reglugerð sama efnis nr. 1131/2011.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 5. janúar 2016.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Hugi Ólafsson.*